

Samkeppnir um útilistaverk á þéttingareitum í Reykjavík

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

25. mars 2019

Ólöf Kristín Sigurðardóttir

safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Samkeppni um listaverk í Vogabyggð



Deiliskipulag Vogabyggðar

Kafli 7.2

Lögð er áhersla á **listaverk sem hluta af heildarhönnun almenningsrýma í Vogabyggð**. Það er í samræmi við stefnu borgaryfirvalda og samningsmarkmið við núverandi lóðarhafa um uppbyggingu á skipulagssvæðinu. Þar er sérstökum fjárhæðum ætlað til listsköpunar á skipulagssvæðinu. Fjárhæðirnar eru **hluti af innviðagjaldi** sem er innheimt í tengslum við uppbyggingu. Reykjavíkurborg mun enn fremur leggja til fjármagn í verkefnið.

Listaverk í almenningsrýmum og á húsbyggingum skulu vera hluti af heildarhönnun mannvirkja og umhverfis. Listamenn skulu vera í hönnunarteymi með arkitektum, landslagsarkitektum og verkfræðingum sem útfæra almenningsrými og götur Vogabyggðar. Þeir gera tillögur að verkum í samræmi við þau **markmið deiliskipulagsins að myndlist verði veigamikill og afgerandi hluti umhverfis og mannlífs í Vogabyggð**. Lögð er áhersla á náið **samstarf listamanna og hönnuða** og það hefjist á frumstigum hönnunar þannig að listaverkin verði eðlilegur hluti og **fléttist inn í heildaryfirbragð almenningsrýma** og húsbygginga.

Sérstök áhersla er lögð á listaverk í almenningsrými sem skilgreind eru sem þemavellir og andrými. Stefnan er að skapa umhverfi fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa.

Listasafn Reykjavíkur mun hafa umsjón með listaverkum í Vogabyggð og stendur að vali á þeim listaverkum sem þar verða útfærð og heldur utan um vinnu dómnefndar sem velur listaverk, auk þess að veita ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd.


Áhersla á list á opnum svæðum – andrými og þemavelli



DUGGUVOGUR 2

Vogabyggð

- List í almenningsskýringarmynd af innviðagjöldum
- Forsendur skrifaðar inn í deiliskipulag
- Reykjavíkurborg mætir lóðaeigendum með jöfnu framlagi
- Heildar fjármagn til verkefnisins 150 milljónir



Samkeppni

- Samkvæmt samkeppnisreglum SÍM
- Lokuð samkeppni með opnu forvali

Forvalsnefnd:

- einn fulltrúi menningar- og ferðamálaráðs
- einn fulltrúi innkaupaneftndar Listasafns Reykjavíkur
- einn fulltrúi SÍM

Dómnefnd samkeppni:

- einn fulltrúi menningar- og ferðamálaráðs
- einn fulltrúi umhverfis- og skipulagsráðs
- einn fulltrúi innkaupaneftndar Listasafns Reykjavíkur
- tveir fulltrúar SÍM

Tímaáætlun

Mars

Skipulagning samkeppninnar. Auglýsing samin og birt. Keppnislýsing samin. SÍM og trúnaðarmaður yfirfara hana. Skipun í nefndir. Keppnislýsing og fylgigögn liggja fyrir á heimasíðu samkeppninnar á Reykjavik.is

17. mars

Samkeppnin auglýst í blöðum, á heimasíðu Reykjavíkurborgar og á póstlista SÍM.

10. apríl

Síðasti skiladagur umsókna um þátttöku.

11. – 26. apríl Forvalsnefnd fer yfir umsóknir.

26. – 30. apríl Listamönnum sem valdir eru til þátttöku tilkynnt um niðurstöðu valnefndar. Trúnaðarmaður sendi þeim listamönnum sem ekki voru valdir bréf um niðurstöðu valnefndar.

Júní

Fundur með völdum listamönnum, hönnuðum og fulltrúum Reykjavíkurborgar og þeim kynnt verkefnið. Farið yfir keppnislýsingu og fylgigögn.

15. nóvember Loka skilafrestur tillagna að listaverkum.

Nóvember Dómnefnd fer yfir tillögur og skilar álit sínu.

Desember Samningsgerð við vinningshafa.

Des/jan Álit dómnefndar kynnt formlega og sýning haldin á tillögum.

Verkið verður unnið í samhengi við framkvæmdahraða valinna svæða í Vogabyggð.

Auglýsing sem birtist í dagblöðum 28.3.2018 og á netmiðlum héraendis og erlendis

Samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð

Reykjavíkurborg auglýsir eftir myndlistarmönnum til að taka þátt í forvali að lokaðri samkeppni um gerð listaverks/listaverka í Vogabyggð. Lögð er áhersla á að listaverk verði hluti af heildarhönnun almenningsryma í hverfinu einkum á svæðum sem skilgreind eru sem þemavellir og andrými. Sjá nánar skýringarmynd.

Myndlistarmenn sem áhuga hafa á að taka þátt í samkeppninni eru beðnir um að senda inn umsókn um þátttöku þar sem fram kemur nafn höfundar/höfundu, kennitala, heimilisfang og símanúmer, ásamt greinargóðum upplýsingum um listferil, myndum af fyrri verkum og lauslegri grunnhugmynd að efnistöku í fyrirhuguðu listaverki.

Samkeppnin fer fram eftir samkeppnisreglum Sambands Íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Forvalsnefnd velur úr innsendum umsóknum allt að átta myndlistarmenn eða hópa til þess að gera tillögur að listaverkum. Dómnefnd velur síðan eina eða fleiri tillögur til útfærslu. Dómnefnd er heimilt að hafna öllum tillögum. Nánar um samkeppnina: reykjavik.is/listaverk-vogabyggd

Við val á listamönnum verður haft að leiðarljósi að tillögur styðji það markmið að myndlist verði veigamikill og afgerandi hluti umhverfis og mannlífs í Vogabyggð og að listaverk stuðli að því að skapa órvandi umhverfi fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa.

Umsóknir um þátttöku í samkeppninni skulu hafa berist á netfangið vogabyggd.samkeppni@reykjavik.is

Síðasti skiladagur er þriðjudagurinn 24. apríl 2018.



● Andrými ● Þemavöllur

Nánari upplýsingar má finna á reykjavik.is/listaverk-vogabyggd



<https://reykjavik.is/samkeppni-um-listaverk-i-almenningsrymi-i-vogabyggd-2018>

Forvalsnefnd valdi átta listamenn og listamannahópa til þátttöku í lokuðum hluta samkeppninnar.

- Listamannahópurinn A Kassen
- Alicja Kwade
- Carl Boutard
- Elín Hansdóttir
- Finnbogi Pétursson
- Karin Sander
- Rósa Gísladóttir
- Tomás Saraceno


Niðurstaða dómnefndar – tillaga nr 815

PÁLMATRÉ – PROPOSAL FOR OUTDOOR PUBLIC ART IN VOGABYGGD, REYKJAVÍK, 2018

Karin Sander: Pálmatré

Karin Sander er fædd í Þýskalandi árið 1957. Hún er á meðal þeirra listamanna sem sett hafa svip sinn á alþjóðlega samtímalist með verkum sem bæði hafa verið sýnd á viðurkenndum sýningarstöðum og sett upp í almenningsrými. Listaverk hennar einkennast af samtali við umhverfið, sögu staða og samfélagslega tengingu. Á ferli sínum hefur Karin Sander hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna og eru listaverk hennar í eigu alþjóðlegra safna. Hún hefur unnið fjölda stórra verka, bæði tímabundin og varanleg verk í almenningsrými. Karin Sander er búsett í Berlín en hefur verið tíður gestur hér á landi allt frá 1993, og hefur átt verk á fjölda sýninga víða um land.





815




815

BUDGET PLAN

Estimation of total costs according to requested cost proposals

1 EUR = 123,85 ISK (currency at the time of the public call of the competition on 25/05/2018)

Palm trees and substrate	743.102,00 ISK	1.486.204,00 ISK
Green house	42.728.373,00 ISK	85.456.747,00 ISK
Concrete foundation	619.252,00 ISK	1.238.504,00 ISK
Technics		9.164.926,00 ISK
- Computerized control system		
- Water systems		
- Light systems		
- Air condition & circulation systems		
- Electricity system		
- Geothermal energy supply		
Planning costs		21.549.963,00 ISK
- Production company		
- Air condition costs		
- Architects fee		
Artist fee		14.862.042,00 ISK
Total costs estimated		133.758.386,00 ISK





Listaverk á Barónsreit



- Samningur á milli lóðaeigenda og Reykjavíkurborgar um að hvor um sig leggi 20 milljónir til listaverks í almenningsrými í hverfinu.
- Áætlað að hrinda verkefninu í framkvæmd fyrir vorið.



Listaverk á Kirkjusandsreit



Frumhugmynd sem á eftir að taka breytingum við gerð deiliskipulags



- Samningur frá 29.1.2015 á milli lóðaeigenda (Íslandsbanka) og Reykjavíkurborgar um að hvor um sig leggi 20 milljónir til listaverks í almenningsgarði við þjónustukjarna í hverfinu.
- Íslandsbanki og Reykjavíkurborg vinni saman að útfærslu samkeppni.
- Æskilegt að samkeppni verði auglýst 2019

Listaverk á Héðinsreit



Deiliskipulag hefur verið kynnt en í því kemur fram að list í almenningsrými sé hluti samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum - *skal ákveðinni fjárhæð varið í listsköpun í almenningsrýmum á svæðinu, samningur þar að lútandi liggur fyrir og er sú fjárhæð hluti af heildarstofnkostnaði innviða á reitunum.*

Val á listamönnum / listaverkum

- Farið eftir samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna
 - a. opin hugmyndasamkeppni
 - b. tveggja þrepa samkeppni með opnu forvali og lokaðri samkeppni greitt er fyrir tillögur í síðari hluta samkeppninnar
- Skipuð dómnefnd sem velur listamenn til þátttöku að undangenginni kynningu.
- Listamaður hluti af hönnunarteymi
- Pantað listaverk frá listamanni

Takk fyrir

